

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Jafet Ólafsson	<b>Fundur nr. :</b>	<b>2</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Jafet Ólafsson (JÓ) Gunnar Björn Helgason (GBH) Sunna Ipsen (SI) Gunnlaugur Karlsson (GK) Hrannar Erlingsson (HE) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	30.8.2021
	<b>Frá kl.:</b>	17:00
	<b>Til kl.:</b>	18:30
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> JÓ setti fundinn. Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar.
2	<u>EM í bridge – Framkvæmd o.fl.</u> Framkvæmd EM tókst vel skv. JÓ. Ísland fékk m.a. hrós fyrir framkvæmdina frá eftirlitsaðila. Norðurlöndin sendu sameiginlegt bréf vegna Fantoni-málsins. Kostnaður vegna mótsins var eftirfarandi: 220 þús.kr. þátttökugjöld + 130 þús.kr. fyrir eftirlitsmann + hótélkostnaður → samtals 600-700 þús.kr.
3	<u>Starfið í vetur og mótaskrá</u> Mótaskrá var ekki tilbúin þegar fundurinn var haldinn. Rætt um að SPS ýtti á eftir nýrri mótaskrá. Ath. sérstaklega með Sigló-mót. <i>Drög að Mótaskrá voru sett inn á bridge.is þann 8. sept.</i> Ráðningasamningur framkvæmdastjóra rennur út 1.3.2022. Ráða þarf nýjan aðila í starfið með góðum fyrirvara, helst fyrir áramót. Rætt um hvort ætti að fá ráðningastofu í málið en ákveðið að stjórn BSÍ sjái frekar um ráðninarferlið. Semja þarf nýja starfslýsingu. JÓ gerir drög að starfslýsingu og HE og GK fara yfir. Stefnt á að auglýsa starfið í byrjun okt. Færeyingar hafa fengið 800 þús.kr. styrk til að efla samvinnu milli Íslands og Færeyja í bridge. Hluti af styrknum fer í að bjóða Færeyingum á Bridgehátíð í Rvk. í janúar næstkomandi. Ákveðið að hinn hlutinn fari í að bjóða íslenskum spilurum á Færeyjamótið næsta vor. Dregið verður úr potti hjá bridgefélögum um hverjir fá styrki (þeir fá að fara í pottinn sem mæta á 2/3 kvölda hjá viðkomandi félagi. Hvert félag borgar svo 20 þús.kr. í verkefnið). GK athugar með að fá fólk í spilagjafir.
4	<u>Reykjavík Bridgehátíð í lok janúar 2022</u> Bridgehátíð verður haldin í Hörpu 27. til 30. jan. Verður auglýst á heimasíðu EBL. GK leggur til að athugað verði með pakkadíl á hótelum. SPS heyrir í Gunnari Björns hjá Skáksambandinu hvernig þessu er háttað á Reykjavíkurskáknotinu.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
	GK er búinn að tala við forseta Íslands. Ákveðið að Eliza forsetafrú setji mótið og jafnvel að reynt verði að fá hana til að spila (hún er bridge'ari!)
5	<p><u>Bridgeskólinn, útbreiðslumál, auglýsingar og nýliðun</u></p> <p>Guðmundur Páll er tilbúinn með nýtt kennsluefni fyrir Bridgeskólann.</p> <p>Rætt um að auglýsa námskeið hjá Bridgeskólanum á Facebook og tengja við nýja heimasíðu. Rætt um að eytt verði 400-500 þús.kr. í auglýsingar.</p> <p>Nýja heimasíðan er tilbúin og þarf bara að taka hana í gagnið. HE mun taka málið áfram en stefnt er að fá Svein Rúnar í kennslu varðandi utanumhald móta fyrir bridgefélög.</p> <p>HE stakk upp á að BSÍ myndi bjóða kennara fyrir bridge-námskeið í framhaldsskólum. Samþykkt. JÓ og HE taka málið áfram.</p> <p>GK stingur upp á að sótt verði um styrk til netkennslu í bridge fyrir eldri borgara. JÓ skoðar málið.</p>
6	<p><u>Bermudaskálin 30 ára – Mót 24. september</u></p> <p>Um er að ræða boðsmót til að minnst heimsmeistaratitils Íslands 1991. JÓ tekur saman boðslista og sendir á stjórnina til yfirferðar. Zia ætlar að reyna að mæta. Stefnt er að 40-50 manna móti, 20 spil ca.</p> <p>RÚV stefnir á að sýna heimildarmynd um mótið 1991 í október næstkomandi.</p>
7	<p><u>Stjórnarfundir í vetur og næsta ársþing</u></p> <p>JÓ leggur til að næsta ársþing verði haldið 20. febrúar næstkomandi.</p>
8	<p><u>Önnur mál</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• GK benti á að siðareglur vegna mála sem tengjast ofbeldi/áreitni vanti hjá BSÍ (að gefnu tilefni vegna sambærilegra mála hjá KSÍ o.fl.). Rætt um að taka upp siðareglur frá fyrirtækjum/stofnunum. GK skoðar nánar fyrir næsta fund. Siðareglur verði settar á nýja heimasíðu.</li> <li>• Reglur vegna svindlmála. Til stendur að breyta lögum BSÍ á næsta ársþingi til að ná betur utan um svindlmál. JÓ benti á að EBL ætla að koma með svona reglur á næstunni og verður tekið mið af þeim.</li> </ul>